FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17 - Hafnarfirði
Sími 520 2600 - Fax 520 2601
Netfang: as@as.is - Heimasíða: www.as.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17

FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17 - Hafnarfirði
Sími 520 2600 - Fax 520 2601
Netfang: as@as.is - Heimasíða: www.as.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17

FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17 - Hafnarfirði
Sími 520 2600 - Fax 520 2601
Netfang: as@as.is - Heimasíða: www.as.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17

HAFNARFJÖRÐUR & GARÐABÆR

23. apríl 2016
2. TÖLUBLAÐ 6. ÁRGANGUR

Bylting í starfsemi GKG

Varnir gegn innbrotum

Eldum rétt í stórsókn

Fjölskyldufyrirtækið Eldum rétt er á pari við Domino´s Pizza í vinsældum í Hafnarfirði og Garðabæ. Eldum rétt sérhæfir sig í að afhenda ferskt hráefni í réttum hlutföllum, þannig að fólk geti eldað heima með sem minnstri fyrirhöfn.

TÆKI.IS
WWW.TAEKI.IS
SPJÓTLYFTUR
SKÆRALYFTUR
LYFTARAR / BÓMA
SMÁGRÖFUR
KÖRFUBÍLAR
RAFSTÖÐVAR OFL.
TÆKJALEIGA
899 8292 • 849 4644 • 565-3344

ÖLSTOFA
HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a, sími 578 0200
Alvöru sportbar þar sem þú horfir á leikina í beinni í toppgæðum.
Frábærir trúbadorar og diskótekarar sjá um stemninguna um helgar.
Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

Sjónlínan
Gleraugnaverslun
Strandgötu, Hafnarfirði / Sími 555 7060 / www.sjonlinan.is

Gluggafilmur
Sand& sólarfilma
544 2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

VELLIR
EST.2015
BISTRO
HAMBORGARAR - PIZZUR
Eitthvað fyrir alla!
OPIÐ FRÁ KL 11:30 TIL 22:00 ÖLL KVÖLD
PIZZUR - HAMBORGARAR - STEIKUR - FISKRÉTTIR - SALÖT
BOLTINN Í BEINNI
HÓTEL VELLIR • TJARNARVELLIR 3 • HAFNARFJÖRÐUR
Gull
pepsi

GATAN MÍN

Sólbað á bílskúrnum með teppi

Langeyrarvegur

Gatan mín er Langeyrarvegurinn, engin spurning.

Afi minn og amma byggðu hús nr. 18 sem var fastur punktur í tilverunni, miðstöð samgangs og samskipta innan stórfjölskyldunnar. Á jarðhæðinni var séríbúð þar sem börn og barnabörn þeirra hafa mörg búið í lengri eða skemmri tíma. Þar dvaldi mín fjölskylda eitt sumar þegar við bjuggum erlendis, þar lék ég mér oft og gisti hjá frænku minni og þar leigði ég síðan sjálf þegar ég byrjaði að búa og eignaðist mitt fyrsta barn.

Ég byrjaði að leigja hjá afa en síðan keyptu foreldrar mínir húsið af honum og þar með var ég aftur komin í foreldrahús. Fékk meira að segja aftur til mín köttinn sem ég hafði skilið eftir við flutningana.

Pabbi minn fæddist svo í húsi nr. 5 og mér er sagt að í garðinum við það standi tré jafngömul honum.

Afi og amma fyrrverandi eiginmanns míns byggðu síðan húsið beint á móti afa húsi, nr. 15, þar sem fjölskylda hans bjó og býr raunar enn. Um tíma áttu strákarnir okkar því bæði sett af öfum og ömmum nánast á einum punkti. Það var mjög hentugt, ekki síst á jólum, þegar hægt var að skjótast á milli húsa og njóta hátíðanna með nánast öllum ættingjum beggja vegna í einu.

Við foreldrarnir kynntumst reyndar í Háskólanum, þó við værum nágrannar, og þegar okkar búskapur hófst fólust flutningarnir í því að dótið hans var borið yfir götuna inn til mín. Alla tuttugu metrana.

Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði

Afar sona okkar léku sér saman sem börn á Langeyrarveginum. Í garðinum hjá mömmu og pabba eru enn ummerki um þessa leiki, litlar götur lagðar í klettana úr afgangssteypu.

Langeyrarvegurinn er því eiginlega sveitin mín, eða smáþorpið, og þangað finnst mér alltaf jafngott að koma. Í bernsku var þarna sannkallað gósenland, sundhöllin í næsta nágrenni og fjaran eitt stórt ævintýri. Við fórum í sendiferðir í Allabúð, klifruðum í snúrustaurum, stukkum út á bílskurinn og fórum í sólbað með teppi. Í dag er garður foreldra minna draumaland og alltaf 5 stjörnu móttökur í „Hótel Ömmu“.

Hjólaratleikur og pumpað í dekk

Það verður fjölbreytt dagskrá í boði á Björtum dögum á bókasafninu í Hafnarfirði. Föndur á barnadeild fyrir alla fjölskylduna og innpakkaðar óvissubækur til útláns fyrir alla aldurshópa.

Í dag, laugardag, verða fulltrúar frá hjólaverkstæði Arnarins til aðstoðar við að pumpa í dekk og smyrja keðjur milli klukkan 11 og 12. Það er því tilvalið fyrir þá sem taka þátt í hjólaratleiknum að byrja á því að renna við á bókasafninu.

Ratleikurinn er skipulagður af Hafnarborg, en hann hefst við Sólvang og lýkur við Víðistaðatún. Þátttakendur hjóla á milli listaverka víða um bæinn og safna bókstöfum, ýmist úr nafni listaverksins eða listamannsins, og setja að lokum saman lausnarorð.

Texti með vísbendingum er í Hafnarborg, Strandgötu 35.

Tilvalið er að láta yfirfara hjólið við bókasafnið áður en haldið er í hjólaratleikinn.

Situr þú uppi með húsfélagið?



Er aðalfundur framundan?
Er þörf á viðhaldi?
Eru framkvæmdir framundan?
Er húsfélagið þitt hausverkur?

EIGNAumsjón
heildarlausnir í rekstri húsfélaga

Mikill áhugi á hönnun aðkomutákns Garðabæjar

Um 50 hönnuðir, arkitektar og myndlistarmenn mættu á kynningarfund vegna hugmyndasamkeppni um aðkomutákn í Garðabæ. Bæjarfélagið, í samvinnu við Hönnunarmiðstöð Íslands, efnir til samkeppni um hönnun á nýju tákni til að marka aðkomu að bænum. Tákninu er ætlað að vekja athygli á Garðabæ og afmarka það svæði sem honum tilheyrir. Vígsla þess verður hluti af hátíðahöldum í tilefni af 40 ára afmæli Garðabæjar.

Kynningarfundurinn hófst á rútuferð um Garðabæ þar sem Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri sagði þátttakendum frá bænum, sögu hans og ýmsum merkum stöðum. Síðan var móttaka í Hönnunarsafni Íslands við Garðatorg þar sem Gunnar Einarsson bæjarstjóri ávarpaði gestina og sagði frá samkeppninni.

Þetta kemur fram á vef Garðabæjar.

Í ávarpi sínu sagði Gunnar frá tilurð samkeppninnar og sagðist hlakka mikið til að sjá niðurstöður hennar. Til mikils er að vinna, því að verðlaun fyrir þá tillögu sem valin verður í fyrsta sæti eru 2 milljónir króna. Dómnefnd er þar að auki heimilt að veita sérstakar viðurkenningar.

Allar nánari upplýsingar um samkeppnina er að finna á vef Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Frá mótttöku í Hönnunarsafni Íslands þar sem Gunnar Einarsson bæjarstjóri ávarpaði gesti og sagði frá samkeppninni. Mynd/Garðabær

Þriðjubekkingar sungu gegn fordómum og fögnuðu fjölbreytileikanum

Sungu inn sumarið

Þriðjubekkingar í grunnskólum Hafnarfjarðar komu saman á Thorsplani síðasta vetrardag til að syngja inn sumarið og jafnframt menningarhátíðina Bjarta daga. Með þeim í för voru kennarar og skólastjórar.

„Hópurinn lét smá kulda ekki stöðva sig og söng í sig hita og gleði undir dyggri stjórn blára Pollapönkarins, en það var Heiðar Örn Kristjánsson Pollapönkari með meiru sem leiddi börnin áfram í söng, meðal annars um sumarið, vorið og fordóma. Þannig sungu nemendur fordóma í burtu og lögðu áherslu á að hver og einn ætti að geta verið hann sjálfur og ekkert öðruvísi og að allir séu velkomnir í samfélagið sem við búum í. Allt spilar þetta í takt við það fjölmenningarsamfélag sem Hafnarfjörður er orðinn, þar sem allir eru velkomnir HEIM í Hafnarfjörðinn, „segir Árdís Ármannsdóttir, samskiptastjóri Hafnarfjarðarbæjar.

Hver bekkur var merktur sínum skóla með glæsilegum húfum, sem ýmist voru handgerðar eða endurhannaðar af krökkunum sjálfum.

Blái Pollapönkarinn söng með börnunum á Thorsplani síðasta vetrardag. Hver bekkur var merktur sínum skóla.

Mynd/Hafnarfjörður

Krítarlistaverk og upplestur úr Mömmu klikk

Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ standa yfir

Vorvindar glaðir eru þema Listadaga barna og ungmenna sem verða haldnir í sjöunda sinn í Garðabæ dagana 21. apríl til 1. maí, núna á afmælisári kaupstaðarins. Á listadögunum er boðið upp á fjölbreytta dagskrá þar sem yngri sem eldri börn taka þátt í skapandi vinnu og sýna afrakstur vetrarins í skólum bæjarins á margvíslegan hátt. Gestum og gangandi er boðið í heimsókn í skólana þar sem fjölmörg listaverk eru til sýnis á veggjum og göngum og einnig utandyra. Líka verður hægt að skoða verk eftir nemendur víðs vegar um bæinn, í íþróttahúsum, Bókasafni Garðabæjar við Garðatorg, Grósku-

LISTA DAGAR 2016 VORVINDAR GLAÐIR

salnum og Hönnunarsafni Íslands. Fjölmargar listasmiðjur verða í skólunum, Bókasafni Garðabæjar og burstabænum Króki á Garðaholti.

Í dag, laugardag, geta börn komið á Bókasafn Garðabæjar og gert krítarlistaverk á torginu fyrir framan safnið milli klukkan 11 og 15. Klukkan 13 kemur síðan rithöfundurinn Gunnar Helgason og les upp úr bókinni Mamma klikk sem sló aldeilis í gegn fyrir síðustu jól meðal barna jafnt sem fullorðinna. Allir velkomnir þangað á meðan húsrúm leyfir.

Landsmót Samtaka íslenskra skólalúðrasveita er haldið í Garðabæ meðan á listadögunum stendur og hefur Tónlistarskóli Garðabæjar komið að undirbúningi þess. Um 700 ungmenni víðs vegar af landinu eru væntanleg í heimsókn til okkar í lok apríl og mótinu lýkur með stórtónleikum í íþróttamiðstöðinni Ásgarði sunnudaginn 1. maí kl. 13.

Íslensk framleiðsla

JÁKÓ

- efni sem virka

Stofnað 1985

Fjölbreytt úrval hreinsiefna fyrir bíla-, matvæla- og fiskiðnað, landbúnað og heimilin/ sumarbústaðinn.

Kíktu við!

JÁKÓ vélar og efnavörur sf.

Auðbrekku 23, Kópavogi, ☎ 564 1819, www.jako.is

LEIÐARI

Bessastaðir á Álftanesi

Bessastaðir á Álftanesi eru fornfrægt höfðingjasetur; voru það löngu fyrir daga embættis forseta Íslands. En þó að Bessastaðir séu þekktasti staðurinn í Garðabæ hafa þeir samt ekki tilheyrt Garðabæ nema fáein ár. Við lýðveldisstofnun voru Bessastaðir í Bessastaðahreppi sem á þjóðhátíðardaginn árið 2004 hlaut nafnið Sveitarfélagið Álftanes sem í ársbyrjun 2013 sameinaðist Garðabæ sem áður hét Garðahreppur.

En hvað sem þessum nafnaskiptum líður, þá heita Bessastaðir ennþá Bessastaðir og halda því væntanlega áfram um nokkurt skeið.

Sú var tíðin að Bessastaðir voru í eigu höfuðsnillingsins Snorra Sturlusonar, hvort sem hann hefur búið þar sjálfur eða ekki. Eftir dráp Snorra laust fyrir miðja þrettándu öld komust Bessastaðir í eigu Noregskonungs. Síðar voru þeir um aldir aðsetur helstu embættismanna konunga okkar danskra, hvort sem þeir embættismenn kölluðust hirðstjórar, amtmenn, stiftamtmenn eða landfógetar.

Á Bessastöðum var um tíma skóli sá er stofnaður var í Skálholti laust eftir miðja 11. öld en stendur nú um sinn við Lækjargötuna í Reykjavík eftir ýmsa búferlaflutninga og nafnaskipti og ber um þessar mundir heitið Menntaskólinn í Reykjavík. Eftir að Bessastaðir komust í einkaeigu áttu þar heima meðal annarra Grímur Thomsen og hjónin Skúli og Theodóra Thoroddsen. Þá bárust kjarnyrt kvæði og síðan ljúfar þulur frá höfuðbólinu á Álftanesi.

Tímamót urðu þegar íslenska ríkið fékk Bessastaði að gjöf fyrir 75 árum og þeir urðu á nýjan leik aðsetur æðsta virðingarmanns hérlendis, ríkisstjórans og síðan forsetans.

Núna situr fimmti forseti íslenska lýðveldisins Bessastaði. Fólkið sem þeirri virðingarstöðu hefur gegnt hefur komið úr ýmsum áttum og sérhvert þeirra hefur sett sitt mark á embættið.

Flest er í heiminum hverfult eins og dæmin af heitum sveitarfélagsins þar sem Bessastaðir eru og búferlaflutningum og nafnaskiptum Skálholtsskóla sýna. Varasamt er að spá um það hvort Bessastaðir sem voru í Bessastaðahreppi og síðan í Sveitarfélaginu Álftanesi og eru núna í Garðabæ verða lengi í Garðabæ.

Hitt er næsta víst, að Bessastaðir halda áfram að vera á Bessastöðum.

Að minnsta kosti fyrst um sinn.

Erla Hlynsdóttir

Öll 12 mánaða börn fá leikskólapláss í Garðabæ

Öll börn sem verða orðin 12 mánaða þann 1. september eiga kost á leikskóladvöl í Garðabæ frá haustinu og búið er að senda úthlutunarbréf til foreldra vegna þess. Sá ánægjulegi áfangi náðist við úthlutunina, að hægt var að veita leikskóladvöl öllum börnum sem fædd eru fram til ágústloka á síðasta ári.

Gunnar Einarsson bæjarstjóri segir að í bænum séu starfandi tveir ungbarnaleikskólar sem sérhæfa sig í leikskólastarfi fyrir börn frá 12 mánaða aldri til tveggja ára. „Engu að síður taka fleiri leikskólar í Garðabæ á móti börnum frá 12 mánaða aldri og þá er námsumhverfið lagað að þörfum þeirra," segir Gunnar. Hann bætir því við, að hann verði var við mikla ánægju foreldra barna sem fædd eru árið 2015 og hafa nú fengið úthlutað leikskóladvöl frá haustinu.

„Mín sýn er sú að fæðingarorlofið verði lengt í 12 mánuði og þá komist börn inn á leikskóla eins og þau gera nú hér í Garðabæ. Þess má þó jafnframt geta, að samkvæmt samningi Garðabæjar við dagforeldra borga foreldrar sama gjald hvort sem barn er vistað hjá dagforeldri eða er í leikskóla. Foreldrar eiga því valið eftir því hvað hentar þeim og barninu," segir bæjarstjóri.

HAFNARFJÖRÐUR & GARÐABÆR

2. TBL. 6. ÁRGANGUR 2016

Útgefandi: Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. **Ábyrgðarmaður:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is **Auglýsingastjóri:** Ruth Bergsdóttir, ruth@pressan.is, 694-4103.
Ritstjóri: Erla Hlynsdóttir, sími: 698 7887 netfang: hafnarfjordur.gardabaer@gmail.com
Umbrot: Prentsnið. **Hönnun:** Davíð Þór Guðlaugsson
Prentun: Landsprent. **Dreifing:** Póstdreifing

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 13.500 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI Í HAFNARFIRÐI OG GARÐABÆ

GKG veitir nú golfurum heilsársþjónustu

Þann 9. apríl var Íþróttamiðstöð GKG – Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar – opnuð með formlegum hætti. Með nýju íþróttamiðstöðinni verður bylting í starfsemi GKG. Í húsinu verður fyrsta flokks aðstaða til inniæfinga fyrir kylfinga, golfhermar af nýjustu gerð og sérlöguð púttflöt, svo eitthvað sé nefnt. Góð golfverslun verður í húsinu og veitingaaðstaðan snarbatnar og svo skapast forsendur til að leigja út glæsilegan sal og fundaherbergi fyrir hvers kyns veisluhöld og fundi.

Íþróttamiðstöð GKG var opnuð með formlegum hætti í byrjun apríl. Myndir/seth@golf.is

Framkvæmdirnar hófust fyrir 13 mánuðum síðan og hafa tekist mjög vel. Húsið er vel hannað af GKG-félaganum Helga Má Halldórssyni og samstarfsfólki hans hjá ASK arkitektum. Verktakinn, GG Verk, reyndist framúrskarandi vel. Kostnaðar- og tímaáætlanir stóðust nánast upp á prik. Starfsfólk GKG hefur jafnframt lagt hönd á plóg ásamt vaskri sveit sjálfboðaliða sem sinnti fjölmörgum verkum á lokasprettinum. Það er ómetanlegt fyrir GKG að hafa aðgang að slíku fólki.

Kostnaðaráætlunin hljóðaði upp á 660 milljónir og skiptist kostnaður í þrjá álíka stóra hluta, sveitarfélögin Garðabær og Kópavogur taka tvo þeirra og GKG einn. Án aðkomu sveitarfélaganna hefði þetta aldrei verið hægt. Með því að taka þátt í kostnaðinum sýna sveitarfélögin enn og aftur að þau meta mikils það öfluga íþróttastarf sem fer fram á vegum GKG, sérstaklega barna- og unglingastarfið, sem er það langöflugasta hjá nokkrum golfklúbbi á landinu og þótt víðar væri leitað.

Eins er GKG-svæðið vinsælt útivistarsvæði hjá íbúum sveitarfélaganna, stígarnir mikið notaðir af gangandi og hjólandi fólki og á veturna eru göngu-

Höfundur er Agnar Már Jónsson, framkvæmdastjóri GKG

skíðabrautirnar sem GKG leggur sívinsælar. Allt eykur þetta lífsgæði innan sveitarfélaganna og styrkir jákvæða ímynd þeirra.

Ný íþróttamiðstöð verður mikil lyftistöng fyrir allt íþróttastarf og félagsstarf í GKG. Gildir þá einu hvort um er að ræða barna- og unglingastarfið, almennu kylfingana eða afrekskylfingana.

Lykilþátturinn er þó sá, að íþróttamiðstöðin verður opin allt árið. Á veturna verða þar æfingar, leikir og keppni í golfhermunum, útleiga á sal og fundaraðstöðu, auk þess sem ég reikna með að almenningur muni nýta sér veitingaaðstöðuna.

Um GKG

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar – GKG – hefur frá fyrstu tíð lagt mikla áherslu á barna- og unglingastarf og skilgreinir sig sem fjölskylduvænan golfklúbb. Í GKG eru um 2.100 meðlimir og eru tveir golfvellir á svæðinu, Mýrin sem er 9 holu völlur og Leirdalsvöllur sem er 18 holur. Þá er 6 holu byrjendavöllur á svæðinu, svæði til að æfa stutt högg, auk 22 básа þar sem hægt er að æfa löngu höggin. Félagslífið er með eindæmum gott í klúbbnum, má t.d. nefna að 100 félagsmenn tóku að sér sjálfboðaliðastörf í kringum Íslandsmótið í golfi sem haldið var hjá klúbbnum árið 2014. Hjá GKG eru fjórir PGA-menntaðir kennarar sem keyra íþróttastarfið áfram ásamt því að bjóða hinum almenna kylfing upp á námskeið og kennslu í íþróttinni.

Hressir krakkar úr GKG klipptu á borðann þegar húsið var opnað formlega.

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra hélt tölu við opnunina þar sem fjöldi gesta var saman kominn.

Golfhermar GKG

Í íþróttamiðstöðinni eru fjórir golfhermar af fullkomnustu gerð. Hjartað í golfhermunum er radar sem fylgist bæði með kylfunni og boltanum. Radarinn er af Trackman-gerð sem er leiðandi á heimsvísu. Trackman greinir allar lykilbreytur í sveiflunni eins og sveifluhraða, höggvinkil, sveifluferil, legu kylfuhauss við högg, spuna bolta og fleira. Með Trackman fylgir greiningarhugbúnaður sem gott er að nota þegar verið er að vinna í sveiflubreytingum. Þá er tilvalið að láta PGA-kennara fara yfir alla lykilþætti, í framhaldinu er svo hægt að æfa sjálfur í herminum. Með því að skoða breyturnar eftir hvert högg er hægt að sjá hvort æfingin sé að skila sér með réttum hætti.

Aðstaðan inni í íþróttamiðstöðinni er til mikillar fyrirmyndar og mikið lagt upp úr gæðum.

Í golfhermunum er svo hægt að velja á milli margra af bestu golfvöllum í heimi með E6-hugbúnaðinum. Með E6 og Trackman fæst besta mögulega niðurstaðan, þ. e. Trackman tryggir að gögnin sem E6 nýtir til að framkvæma höggið séu fyrsta flokks og er því upplifun bestu kylfinga með þeim hætti að höggin séu nánast eins og þau séu framkvæmd í raunveruleikanum. Þá er Trackman mjög nærmur á stutt högg og í næstu útgáfu af hugbúnaðinum verður jafnframt hægt að pútta í herminum.

Öllu framangreindu er svo skilað í háupplausn á sérhannað tjald sem þolir vel kraftinn frá golfboltanum án þess að myndgæði glatist. Þegar bolti smellur á tjaldi myndast hár smellur, en sú lausn sem GKG valdi byggir á tvöfaldri dempun og er því hljóðvistin til fyrirmyndar. Allt er því gert til þess að upplifun kylfingsins sé eins nálægt raunveruleikanum og frekast er kostur.

HB HÚSGAGNA BANKINN

LAGERSALA

FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030

Barrokk klukka - verð 34.000
Tilboð **28.000**
Stærð 21,5 x 14,5 sm h. 32 sm

Golda hliðarborð - verð 117.000
Tilboð **98.000**
Stærð 120 x 40 sm - h. 80 sm

Sjónvarpsskápur - verð 172.000
Tilboð **137.000**
Stærð 180 x 50 sm - h. 60 sm

Blaðgrindarborð - verð 43.000
Tilboð **35.000**
Stærð 58 x 40 sm - h. 65 sm

Chippendale stofuskápur - verð 379.000
Tilboð **298.000**
Stærð 180 x 64 sm - h. 225 sm

Viceroy hægindasófi verð 329.000
Tilboð **279.000**
Stærð 222 x 95 sm h. 105 sm

Flair hliðarborð verð 134.000
Tilboð **107.000**
Stærð 110 x 47 sm - h. 80 sm

Sófaborð 2 skúffur - verð 105.000
Tilboð **84.000**
Stærð 130 x 60 sm - h. 50 sm

Viceroy hægindastóll verð 165.000
Tilboð **139.000**
Stærð 95 x 95 sm h. 105 sm

Calais 3 + 2 - verð 230.000
Tilboð **186.000**
3 sæta 222 sm, 2 sæta 168 sm x 97 sm h. 86 sm

Ashton svefnsófi - verð 198.000
Tilboð **138.000**
Stærð 200 x 88 sm h. 71 sm

Coltrain sófasett - verð 547.000
Tilboð **437.000**
Sófi 230 - stóll 104 x 100 sm h. 95 sm

Hægindastóll m. snúningi - verð 139.000
Tilboð **99.000**
Stærð 82 x 90 x 105 sm

Novel tungusófi - verð 242.000
Tilboð **159.000**
Stærð 297 x 185 sm h. 88 sm

Lampaborð - verð 57.000
Tilboð **47.000**
Stærð 60 x 60 sm - h. 71 sm

WWW.HUSGAGNABANKINN.IS

Margt er hægt að gera til að minnka líkur á innbrotum og kemur nágrannavarsla þar mjög við sögu

Svona verjumst við innbrotum

Brátt fer að hefjast tími ferðalaga, sem er almennt mikill ánægjutími. Ánægjan verður hins vegar að engu ef brotist hefur verið inn hjá fólki þegar það snýr aftur úr frii. Húsnæði sem stendur mannlaust til lengri tíma getur verið auðvelt skotmark innbrotsþjófa, en hægt er að grípa til ýmissa ráðstafana til að draga úr líkum á innbroti. Einnig er gott að geta leitað til nágranna þegar farið er í frí og fá þá til að líta til með húsnæðinu.

Alltaf eru einhverjir heima í nágrenninu og því er sjálfsagt að tala við góða granna, láta þá vita þegar fólk verður fjarverandi um lengri tíma og biðja þá að hafa augun opin fyrir vafasömum mannaferðum. Sumir hafa það mikið samband við nágranna að þeir láta hann fá lykil að íbúðinni þannig að hann getur farið þangað reglulega, tekið póstinn, kveikt ljós, breytt gluggatjöldum o. fl.

Innbrotsþjófur sem sér að fylgst er með ferðum hans er yfirleitt fljótur að koma sér burt. Það getur oft skipt lögreglu miklu máli að fá lýsingu á mönnum og bílum og bílnúmer. Þannig getur athugull nágranni bæði stuggað við þjófi og gefið lögreglunni upplýsingar. Það er betra að hringja einu sinni of oft í lögreglu með upplýsingar af þessu tagi en einu sinni of sjaldan. Til eru fjölmörg dæmi þess að innbrot hafa verið upplýst vegna þess að nágrannar voru vel vakandi og höfðu auga með húsum nágranna sinna og létu lögreglu vita um grunsamlegar ferðir manna og bíla.

Í samstarfi við bæjarfélagið

Virk nágrannavarsla getur skipt sköpum þegar kemur að öryggi íbúa, en bæði í Hafnarfirði og Garðabæ er hægt að setja sig í samband við bæjaryfirvöld til að fá leiðbeiningar um nágrannavörslu og fræðslu um hana. Nágrannavarsla miðast almennt við sína götu eða sinn stigagang og þarf meirihluti íbúa að samþykkja að taka þátt í henni. Þar sem nágrannavarslan er skipulögð á þennan hátt er útnefndur einn hópstjóri og hópurinn kaupir síðan sérstakt skilti þar sem kemur fram að nágrannavarsla sé við götuna.

Gátlisti fyrir ferðalög:

- Látið nágranna vita hvenær þið verðið í burtu
- Áframsendið símtöl úr heimasímanum
- Biðjið nágranna eða aðra að taka póstinn
- Látið slá blettinn reglulega ef þið eru lengi fjarverandi
- Biðjið ættingja að kveikja og slökkva ljós reglulega
- Taka raftæki úr sambandi
- Ekki skilja verðmæta hluti eftir á áberandi stöðum

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni eru dæmi um að innbrotsþjófar kanni svæðið fyrirfram, til dæmis með því að hringja dyrabjöllunni eða hringja í heimasímann.

Mynd úr safni

Hringja á undan sér

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu hefur oft gerst að menn hafa hringt dyrabjöllum og þegar komið er til dyra hafa þessir menn spurt eftir einhverjum með nafni og sagt að þeir hafi átt að taka hann með í vinnu eða eitthvað álíka. Þegar sagt var að enginn slíkur byggi þar hafa mennirnir afsakað sig með að hafa farið götuvillt og stundum hafa þeir notað aðrar afsakanir og ástæður. Þarna eru menn oft að kanna hvort einhver sé heima í húsinu með það í huga að brjótast inn. Ástæða er til að benda fólki á að vera á verði gagnvart svona mönnum, fylgjast með ferðum þeirra og tilkynna lögreglu.

Góð lýsing

Tryggingafélagið Sjóvá hefur á vef sínum tekið saman upplýsingar sem eiga að auðvelda fólki að verjast innbrotum. Þar kemur meðal annars fram að helstu verðmæti sem freista þjófa eru dýrir hlutir á borð við fartölvur, spjaldtölvur, farsímar, flatskjáir og skartgripir.

Mælt er með að símtöl í heimasíma séu flutt í gsm-símann þegar enginn er heima. Þetta á sérstaklega við þegar heimilið er mannlaust í lengri tíma.

Mikilvægt er að heimilið sé vel upplýst að utan. Mælt er með að lýsing utandyra sé að hluta tengd við hreyfiskynjara, sérstaklega á svæðum þar sem gróður skyggir á. Þau svæði þarf að lýsa vel upp, sérstaklega ef þar er gluggi. Einnig er hægt að fá tímarofa sem kveikja og slökkva á ljósi innandyra.

Hafnarfjörður á tíu vinabæi, þar af einn á Íslandi, en Garðabær á fjóra vinabæi sem allir eru á Norðurlöndum

Vinabæir gulli betri

Hafnarfjörður hóf vinabæjasamstarf árið 1947 en þá voru vinabæirnir aðeins tveir, Uppsalir í Svíþjóð og Friðriksberg í Danmörku.

Árið 1949 bættust Bærum í Noregi og Hämeenlinna í Finnlandi við og tveimur árum síðar gerðist Hafnarfjarðarbær þátttakandi í norrænu vinabæjakeðjunni. Nýjasti bærinn í henni er síðan Tartu í Eistlandi sem bættist við árið 1991. Fólk úr vinabæjunum hittist reglulega á vinabæjamótum sem haldin eru annað hvert ár, en þau samanstanda af uppákomum æskulýðs-, íþrótta- og menningarhópa frá bæjunum, fyrir utan ráðstefnur og málþing um hin ýmsu sameiginlegu málefni bæjanna. Keðjan stuðlar einnig að heimsóknum skólahópa og þekkingarheimsókna á milli staðanna.

Hafnarfjörður á líka fleiri vinabæi, til að mynda Tvøroyri í Færeyjum og Baoding í Kína. Þá er starfandi í bænum Cuxhavenfélag sem tengir vinabæina Hafnarfjörð og Cuxhaven í Þýskalandi. Þau vinatengsl voru stofnuð árið 1988 og því munu bæirnir tveir fagna 30 ára vináttuafmæli árið 2018.

Vinabæir Garðabæjar eru allir á Norðurlöndunum, en markmið samstarfsins er margþætt, svo sem að miðla reynslu á sem flestum sviðum, styrkja menningartengsl og koma á skiptum milli félaga, skóla og vinnuhópa. Þá stuðlar vinabæjasamstarfið að vináttu milli einstaklinga og eflir þannig þekkingu þjóðanna hverrar á annarri. Vinabæjamót eru haldin annað hvert ár og hafa tekið þátt í þeim allt að 500 fulltrúar.

Garðabær hóf vinabæjasamstarf árið 1966 og voru fulltrúar frá bænum í fyrsta sinn á vinabæjamóti í Birkerød í Danmörku árið 1968. Á mótin koma fulltrúar frá bæjarfélögunum og einnig frá norrænu félögunum ásamt almenningi. Undanfarin ár hefur líka verið lögð áhersla á sérstaka dagskrá fyrir börn og ungmenni. Síðast var haldið vinabæjamót í Eslöv í Svíþjóð sumarið 2014. Mótin eru nú tvískipt, annars vegar er vinabæjaráðstefna fyrir bæjarfulltrúa og embættismenn ásamt sérstöku ungmennamóti, hins vegar eru mót á vegum norrænu félaganna.



Hafnarfjörður er vinabær Akureyrar, en sá vinabær sem er lengst í burtu frá Hafnarfirði er í Kína. Mynd úr safni.

Næstu vinabæjamót Garðabæjar verða núna í lok júní í Jakobstad í Finnlandi.

Vinabæir Hafnarfjarðar

Frederiksberg í Danmörk
Tartu í Eistlandi
Hämeenlinna í Finnlandi
Iulissat á Grænlandi
Akureyri á Íslandi
Bærum í Noregi
Uppsalir í Svíþjóð
Cuxhaven í Þýskalandi
Tvøroyri í Færeyjum
Baoding í Kína

Vinabæir Garðabæjar

Rudersdal í Danmörku
Asker í Noregi
Eslöv í Svíþjóð
Jakobstad í Finnlandi

GLUGGAR & GARÐHÚS

Við höfum framleitt viðhaldsfría glugga og hurðir í yfir 30 ár.

KÖMMERLING®

Glæsilegir sólskálar lengja sumarið og gera sælureitinn ómótstæðilegan

Hentar mjög vel íslenskri veðráttu

Við erum stolt af framleiðslu okkar og vísum til fyrri verka.

Yfir 40 litir í boði



1984 -2015 30 ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Nánari upplýsingar á www.solskalar.is

Viðhaldsfríir sólskálar og svalalokanir.

Smiðsbúð 10 | 210 Garðabær | Sími: 554 4300 | Fax: 564 1187

Íshúsið stendur við smábátahöfnina og útsýnið ekki amalegt.

Opnar vinnustofur í Íshúsinu

Skemmtilegt samfélag skapandi fólks

Gamalt og fallegt frystihús við smábátahöfnina í Hafnarfirði hefur fengið nýtt hlutverk og er nú sannkallaður suðupottur hönnunar og lista. Þar hefur Íshús Hafnarfjarðar verið starfrækt í tvö ár og samanstendur af 28 vinnustofum og verkstæðum fólks og fyrirtækja í skapandi greinum. Flóran er afar fjölbreytt, þar er meðal annars unnið við textílhönnun, hnífasmíði, keramikhönnun, trésmíði og vöruhönnun í opnum rýmum sem bjóða upp á samtal og samvinnu ólíkra greina. Þarna hefur því myndast afar skemmtilegt samfélag skapandi fólks og eftirspurnin eftir rýmum hefur frá upphafi verið mikil. Boðið er upp á hópaheimsóknir, gestir fá kynningu á starfseminni og farið er í gönguferð um alla króka og kima gamla frystihússins.

Í Íshúsi Hafnarfjarðar að Strandgötu 90 eru 28 vinnustofur og verkstæði hönnuða, listamanna og handverksfólks.

Á Björtum dögum, bæjarhátíð Hafnarfjarðar, eru vinnustofur opnar og Rósa Sigurbergsdóttir sýnir málverk í hráum og flottum sýningarsal Íshússins. Opið er bæði laugardag og sunnudag frá klukkan 13 til 17.

Óli smiður að störfum, en hann er með aðstöðu í Íshúsinu.

Fjóla Eðvarðsdóttir að störfum í Íshúsinu.

Þrennir tónleikar í dag á vegum Jazzhátíðar Garðabæjar

Jazz, jazz og meiri jazz

Jazzhátíð Garðabæjar stendur nú yfir, en þetta er í ellefta skipti sem hún er haldin. Dagskráin skartar fjölbreyttu úrvali íslenskra listamanna á ýmsum aldri og ólíkum stíltegundum jazztónlistar. Sem fyrr er sérstök áhersla á listamenn sem tengjast Garðabæ, en listamönnum alls ótengdum Garðabæ er einnig gert hátt undir höfði. Undirþema hátíðarinnar að þessu sinni eru tengsl jazz við heimstónlist, en kvöldatriði hátíðarinnar á fimmtudag, föstudag og núna í kvöld, laugardag, eru öll af þeim toga.

Ungir og efnilegir Garðbæingar hófu hátíðina að kvöldi síðasta vetrardags, en þá stigu á svið fimm ólíkar hljómsveitir úr Tónlistarskóla Garðabæjar.

Á sumardaginn fyrsta lék fjölþjóðlegur kvintett Sigurðar Flosasonar og sænska gítarleikarans Hans Olding, þar sem flutt var brasilísk tónlist í spennandi útsetningum. Í gærkvöldi mætti hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans og flutti skemmtileg lög tónlistarmanna frá Suðaustur-Evrópu.

Í dag er lokadagur hátíðarinnar og koma fram tríó Björns Thor og Raggi Bjarna, Ómar Guðjónsson og Tómas R. Einarsson. Hátíðinni lýkur svo með kvöldtónleikum hins brasilíska Ife Tolentino og þeim Óskari Guðjónssyni og Eyþóri Gunnarssyni, þar sem þeir flytja bæði ný lög og eldri.

Hátíðin er á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar, en listrænn stjórnandi er Sigurður Flosason tónlistarmaður.

Aðgangur er ókeypis á alla viðburði jazzhátíðarinnar og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Laugardagur – Jónshús, Strikið 6 kl. 14

Tríó Björns Thor og Raggi Bjarna

Hinn síungi meistari dægurlaga og jazz, Ragnar Bjarnason, kemur fram sem gestur með þaulreyndu tríói Björns Thoroddsen.

Ragnar Bjarnason: söngur
Björn Thoroddsen: gítar
Þorgrímur Jónsson: bassi
Jón Rafnsson: kontrabassi
Þórdís Claessen: trommur

Laugardagur – Haukshús, Álftanesi kl. 17

Ómar Guðjónsson og Tómas R. Einarsson

Ómar og Tómas fengu íslensku tónlistarverðlaunin fyrir tónleika ársins í jazz- og blústónlist 2015, þegar þeir kynntu disk sinn Bræðralag. Núna halda þeir stofutónleika í Haukshúsi. Hvað komast margir inn?

Ómar Guðjónsson: gítar
Tómas R. Einarsson: kontrabassi

Óskar Guðjónsson leikur á saxófón með Ilfe Tolentino sem kom sérstaklega til landsins alla leið frá Brasilíu til að fylgja eftir diski þeirra félaga.

Laugardagur – Kirkjuhvoll, safnaðarheimili Vídalínskirkju kl. 20.30

Ife, Óskar og Eyþór

Ife Tolentino kemur sérstaklega til landsins alla leið frá Brasilíu til að fylgja eftir diski þeirra félaga Vocé Passou Aqui og nýjum diski sem er handan við hornið. Ómþýðir brasilískir tónar.

Ife Tolentino: söngur og gítar
Óskar Guðjónsson: saxófónn
Eyþór Gunnarsson: píanó

Hinn síungi meistari dægurlaga og jazz, Ragnar Bjarnason, kemur fram sem gestur með þaulreyndu tríói Björns Thoroddsen í Jónshúsi í dag.

SUMARTILBOÐ

Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²
með 9 m² yfirbyggðri verönd

kr. 1.699.900,- án fylgihluta.
kr. 1.999.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu **volundarhus.is**

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

Staðgreiðslu lán · VISA Lán

34 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 4,4m²
kr. 169.900,- án fylgihluta
kr. 199.900,- m/fylgihlutum

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² - án gólfs
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 309.900,- m/fylgihlutum

28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 299.900,- m/fylgihlutum

VH/16-01

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Fyrirtækið Eldum rétt er á pari við Domino´s Pizza í vinsældum í Hafnarfirði og Garðabæ. Eldum rétt sérhæfir sig í að afhenda ferskt hráefni í réttum hlutföllum, þannig að fólk geti eldað heima með sem minnstri fyrirhöfn. Fyrirtækið hefur verið í mikilli sókn undanfarið ár og greinilegt að fólk kýs í auknum mæli að elda sjálft með þessu þægilega fyrirkomulagi.

Eldum rétt í topp-slagnum

Kristófer J. Leifsson, framkvæmdastjóri Eldum rétt, ásamt Hrafnhildi Hermannsdóttur og dóttur þeirra Áróru Aldísi. Hrafnhildur vinnur hjá Eldum rétt í hlutastarfi en hún er jafnframt systir Vals Hermannssonar sem stofnaði fyrirtækið ásamt Kristófer og rekur það með honum.
Mynd/Sigtryggur Ari

Eldum rétt er með tæplega 5% markaðshlutdeild meðal íbúa Garðabæjar á skyndibita- og veitingahúsamarkaðnum, samkvæmt tölum yfir marsmánuð sem Meniga tók saman fyrir bæjablaðið Hafnarfjörður/Garðabær. Næst á eftir Eldum rétt kemur Domino´s Pizza Garðatorgi. Í Hafnarfirði skipta þessi fyrirtæki um sæti, Domino´s Pizza Fjarðargötu er á toppnum en Eldum rétt í öðru sæti með rétt rúmlega 4% markaðshlutdeild á skyndibita- og veitingahúsamarkaðnum. Samkvæmt upplýsingum frá Meniga er þessi markaður skilgreindur vítt, meðal annars til að geta fylgst með spennandi nýliðum. Það skýrir veru Eldum rétt á listanum, enda er það ekki eiginlegur veitingastaður heldur fær fólk þar heimsent hráefni til að elda sjálft.

Þegar kemur að samanburði milli marsmánaðar nú og marsmánaðar í fyrra er aukningin mest hjá Eldum rétt, eða 3,7% meðal íbúa Garðabæjar og 3,4% í Hafnarfirði. Domino´s bætir hins vegar aðeins við sig 0,5% í Hafnarfirði milli ára en 0,9% í Garðabæ. Eldum rétt er því greinilega í sókn í þessum bæjarfélögum og ljóst að fólk velur í auknum mæli frekar að elda sjálft heimsend matvæli en panta bara pítsu.

Kemur skemmtilega á óvart

Kristófer Júlíus Leifsson, framkvæmdastjóri Eldum rétt, hafði ekki séð þessar tölur fyrr en við kynntum þær fyrir honum: „Það kemur okkur skemmtilega á óvart að við séum svona ofarlega á þessum listum," segir hann. Kristófer þakkar nokkrum samspilandi þáttum gott gengi. Frábæru starfsfólki sem sinni vinnunni af alúð og veiti persónulega þjónustu, ánægðum viðskiptavinum sem bera áfram gott orð, og svo þeim greinargóðu uppskriftum sem fólk fær sendar ásamt besta hráefni sem völ sé á.

Til að lýsa Eldum rétt segir Kristófer að fyrirtækið sérhæfi sig í að leysa viðfangsefnið endalausa hvað eigi að vera í matinn. „Við gerum viðskiptavinum okkar kleift að elda hollan og fjölbreyttan mat án þess að þurfa að fara að versla og án þess að sóa matvælum. Í stuttu máli sagt, þá afhendum við matarpakka einu sinni í viku sem innihalda fersk hráefni, í réttu magni, til að elda þrjá mismunandi rétti, ásamt leiðbeiningum. Matarpakkarnir koma í þremur mismunandi stærðum og hægt er að velja um tvær mismunandi tegundir, sígilda matarpakkann og paleo matarpakkann. Það eina sem viðskiptavinirnir þurfa því að gera er að elda," segir hann, en Eldum rétt er eina fyrirtækið á landinu sem veitir þessa þjónustu. Að sögn Kristófers tekst þeim að afhenda góða vöru á góðu verði sökum þess að viðskiptavinir panta með viku fyrirvara, og það geri þeim einnig kleift að draga úr sóun matvæla.

Hér sést innihald eins matarpakka – nákvæmlega mælt hráefni og uppskrift. Svona fer ekkert hráefni til spillis.
Mynd/Sigtryggur Ari

Jákvætt umtal lykilatriði

Eldum rétt var stofnað fyrir rúmum tveimur árum af tveimur ungum fjölskyldum og var fyrsti matarpakkinn seldur í janúar 2014. Fyrirmyndina fengu þau frá Svíþjóð þar sem sams konar fyrirkomulag hafði verið í boði frá 2007. Þau hafi frá upphafi reitt sig frekar á jákvætt umtal en mikla markaðssetningu til að koma sér á framfæri. Vöxturinn hefur verið nokkuð jafn frá upphafi, en þau hafa aldrei skoðað sérstaklega hvernig dreifing viðskiptavina sé á milli sveitarfélaga. „Salan hjá okkur hefur aukist töluvert síðastliðið ár á öllu höfuðborgarsvæðinu og teljum við það vera að stærstum hluta til vegna jákvæðs umtals. Viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með að geta eldað hollan og góðan mat án mikillar fyrirhafnar, í þessu hraða samfélagi sem við búum í núna," segir Kristófer.

-EH

Fyrirtækið Meniga sérhæfir sig í framleiðslu heimilisfjármálahugbúnaðar fyrir banka og fjármálastofnanir. Í dag nota 35 milljón notendur hugbúnað Meniga og hefur fyrirtækið starfsstöðvar í þremur löndum. Kristín Hrefna Halldórsdóttir, viðskiptastjóri Meniga, segir persónuvernd tryggða þegar unnið er úr gögnum.

Hugbúnaður fyrir heimilisfjármálin

Hvers konar fyrirtæki er Meniga?

Meniga er hugbúnaðarframleiðslufyrirtæki, en við framleiðum heimilsfjármálahugbúnað fyrir banka og fjármálastofnanir í Evrópu og víðar. Í dag eru 35 milljón notendur sem nota hugbúnað sem við höfum búið til og við erum með starfsstöðvar í þremur löndum, í Kópavogi, Stokkhólmi og London.

Hvernig getið þið tekið svona upplýsingar saman?
Við gerum ópersónugreinanlegar samantektir á þeim kortaviðskiptum sem notendur meniga.is eiga í þeim verslunum sem þeir fara í frá degi til dags. Þannig reynum við að varpa ljósi á það hvernig Íslendingar versla án þess að þurfa að spyrja út í það með spurningakönnunum eða öðru slíku.

Hversu marktækar eru greiningarnar sem þið gerið?
Þær eru mjög marktækar, en það fer þó eftir örlítið eftir landsvæðum og aldurshópum. Við erum með mjög marga í úrtakinu okkar á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 25-55 ára og lýsum þessum aldurshópum því mjög vel, en erum veikari af stökum á nokkrum stöðum úti á landi og í alveg yngsta aldurshópnum og í þeim elsta. Í sumum tilfellum hefur yngsti aldurshópurinn einfaldlega ekki mikinn áhuga á heimilisfjármálum, þar sem alls ekki allir halda sitt eigið heimili, og í elsta aldurshópnum er lakara tölvulæsi helsti valdur þess að við erum fátækari af stökum.

Er persónuvernd tryggð?
Já. Allar greiningar sem við gerum og öll úrvinnsla gagna er með öllu ópersónugreinanleg. Það er mikið metnaðarmál fyrir okkur að framleiða hugbúnað sem er traustur og öruggur, þar sem markmiðið er að selja hann bönkum úti í heimi og eins og gefur að skilja eru öryggiskröfur þeirra mjög miklar.

Hvað græðir fólk á því að skrá sig í Meniga?
Fyrst og fremst getur þú orðið snjallari neytandi. Þú færð betri yfirsýn yfir fjármálin þín og getur sett þér markmið með auðveldum hætti. Við bjóðum líka frábær endurgreiðslutilboð út frá fyrri neysluhegðun, þannig að margir eru að græða töluverðar upphæðir í beinhörðum peningum í hverjum mánuði.

Kristín Hrefna Halldórsdóttir, viðskiptastjóri Meniga, segir greiningar fyrirtækisins mjög marktækar þó að það fari örlítið eftir landsvæðum og aldurshópum. Þau eru með mjög marga höfuðborgarbúa á aldrinum 25-55 ára í sínu úrtaki og lýsa þeim hópi því vel.





heitir pottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Snorralaug Gvendarlaug Grettislaug Unnarlaug Geirslaug

Við framleiðum lok á alla potta

Smáhýsi til sýnis og sölu að Auðbrekku 6 í Kópavogi

NormX hefur hafið framleiðslu á smáhýsum sem nýtast við allskonar aðstæður. Verið velkomin í heimsókn til okkar og kynnið ykkur málið. Við bjóðum hagstæð hús frá 8-14,9m² sem hægt er að fá í ýmsum útfærslum og má meðal annars fá húsin ósamsett í 7 einingum.

Einnig bjóðum við nú 24,75m² hús sem kemur fullbúið með baði og 9m² verönd sem kostar aðeins 6.750.000 kr. með sökkulundirstöðum.



Vinsamlega leitið tilboða í hús sem henntar þér! Nánari upplýsingar veitir Kjartan Ragnarsson í síma 770 5144

NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

DEKKVERK
Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ
Sími: 578 7474 www.dekkverk.is
OPIÐ ALLA DAGA 10-19

Skemmtilega ódýr

OPIÐ UM HELGAR
LÍKA Á SUNNUDÖGUM

Arnar fermdist þann 20. mars í Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Hann er nú nýkominn heim frá Dubai, en draumurinn hans var að fara með fjölskyldunni þangað í ferðalag og heimsækja vinafjölskyldu sem þar býr. Það sem honum finnst skemmtilegast við að ferðast er að sjá nýja staði og smakka nýjan mat. Ef Arnar væri bæjarstjóri í einn dag myndi hann láta minnka heimanámið.

Snorklaði í Óman

Arnar fór með fjölskyldunni til Dubai að heimsækja vinafjölskyldu. Þau keyrðu svo til Óman og þessi mynd er tekin á hinum yndislega stað Khor Sham.

Arnar er nýfermdur, en hann fermdist í Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Áhugamál hans eru að hanga með vinum sínum, fótbolti og mótorcross.

Nafn:
Arnar Thorarensen Skúlason.

Aldur:
13 ára.

Skóli:
Víðistaðaskóli.

Systkini:
Ægir, 9 ára, Unnur og Ragnheiður 6 ára.

Áhugamál:
Að hanga með vinum mínum, fótbolti og mótorcross.

Hver er uppáhalds bókin þín?
Gula spjaldið í Gautaborg. Mér fannst hún skemmtileg og svo er ég að fara til Gautaborgar að keppa í fótbolta alveg eins og strákurinn í bókinni.

Hver er uppáhalds bíómyndin þín?
Chappie. Ein af uppáhalds hljómsveitunum mínum, Die Antwoord, er í aðalhlutverki í myndinni. Söguþráðurinn er mjög skemmtilegur og óvenjulegur.

Hver er uppáhalds maturinn þinn?
Pítsa.

Af hverju ákvaðst þú að fermast?
Ég vildi staðfesta trú mína fyrir guði.

Hvað finnst þér skemmtilegast við að ferðast?
Að sjá nýja staði og smakka nýjan mat.

Hvað var mest spennandi að sjá eða gera í Dubai?
Það var margt spennandi í Dubai, til dæmis að fara upp í hæstu byggingu í heimi, Burj Khalifa. Svo var líka mjög gaman að sjá hótelið sem er eins og seglskúta í laginu, Burj Al Arab. Við keyrðum til Óman og fórum þar í siglingu og snorkluðum og það var mjög gaman.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?
Minnka heimanámið.

Hver er helsta fyrirmynd þín?
Casey Neistat. Hann gerir mjög skemmtileg myndbönd. Ég kíki á þau á hverjum degi á YouTube. Hann er alltaf að gera eitthvað skemmtilegt.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?
Ekkert ákveðið.

Hverjir eru helstu kostir þínir?
Ég reyni alltaf að sýna vinum mínum mínar bestu hliðar.

Fimleikastrákarnir Ari Freyr Kristinsson, Björn Ingi Hauksson og Lúkas Ari Ragnarsson stóðu sig allir mjög vel. Mynd/Björk

Björk með þrjá Íslandsmeistaratitla

Íslandsmótið í þrepum fór fram í húsakynnum fimleikafélagsins Gerplu um síðustu helgi. Á mótinu kepptu aðeins þeir iðkendur sem öðlast hafa keppnisrétt með því að ná sínu keppnisþrepi í íslenska fimleikastiganum.

Björk átti alls 41 keppanda á mótinu, 27 stelpur og 14 stráka. Þrenn gullverðlaun enduðu um háls iðkenda úr Björk auk nokkurra annarra verðlauna.

Tvenn gullverðlaun komu í hús í 1. og efsta þrepi fimleikastigans, en þau hlutu þau Guðrún Edda Min Harðardóttir og Breki Snorrason, sem keppa í flokki 15 ára og yngri.

Auk þess unnu strákarnir í 5. þrepi þrefalt þegar Björn Ingi Hauksson hafnaði í 1. sæti á undan þeim Ara Frey Kristinssyni og Lúkasi Ara Ragnarssyni.

Lokasýning nemenda á Listnámsbraut FG

Fimmtudaginn 28. apríl klukkan 16:30 til 18:00 opnar samsýning á verkum nemenda í lokahópum listnámsbrautar Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Sýningin er í Gróskusalnum, Garðatorgi í Garðabæ. Sýningin er opin klukkan 14 til 17 dagana 29. apríl til 1. maí.

Sýningin er afrakstur vinnu 6 nemenda í lokaáfanga á myndlistarsviði og 4 nemenda í lokaáfanga á fata og textílhönnunarsviði. Viðfangsefni þeirra eru ólík og hefur hver og einn þróað eigin aðferðir og efnistök. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Nemendur sem eiga verk á sýningunni:
Nemendur á myndlistarsviði:
Christina M. G. Goldstein
Hanna Sólbjört Ólafsdóttir
Karen Rós Brynjarsdóttir
Sunna Úrsúla Guðmundsdóttir
Unnur Björnsdóttir
Þórunn Inga Ólafsdóttir
Nemendur á fata og textílhönnunarsviði:
Guðmundur Ragnarsson
Karen Thuy
Rakel Anna Guðmundsdóttir
Sylvía Karen Pétursdóttir

Óskum öllum launþegum á Íslandi til hamingju með baráttudag verkalýðsins 1. maí

KFC
www.kfc.is

VÉLAVERKSTÆÐI JÓHANNS ÓLAFS HF.

V.L.F. HLÍF

HVALUR HF.

OKKAR BAKARÍ

VATNSVEITA HAFNARFJARÐAR

GLUGGAR & GARÐHÚS
Smiðsbúð 10, 210 Garðabær

gaflara LEIKHÚSIÐ

LAUSNIR
ÞJÓNUSTA Í BYGGINGARIÐNAÐI
Rauðhellu 5 - 221 Hafnarfjörður
S. 561 8373 - 824 0672
dslausnir@dslausnir.is

Málfríður Gylfadóttir Blöndal segir það hafa verið gamlan draum að opna bókakaffihús, en hún rekur Norðurbakkann – Bækur & kaffihús í miðbæ Hafnarfjarðar. Móðir Málfríðar rak bókabúð í Ólafsvík, en sjálf er hún íslenskukennari og tengist það áhuga hennar á bókum.

Lét drauminn rætast

„Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á bókum. Alin upp við bækur í kringum mig og mikinn bóklestur og ekki síst virðingu fyrir bókum. Það hefur því lengi blundað í mér að opna bókakaffi,“ segir Málfríður Gylfadóttir Blöndal, sem opnaði nýverið bókakaffihúsið Norðurbakkinn – Bækur & kaffihús í miðbæ Hafnarfjarðar. Mamma Málfríðar rak bókabúð í Ólafsvík og það var því gamall draumur hennar að opna bókabúð. Sjálf er hún íslenskukennari að mennt og tengist það einnig áhuga hennar á bókum. Bæði selur hún nýjar og notaðar bækur auk þess sem fólk getur gluggað í bækur og blöð á meðan það gæðir sér á veitingunum.

Málfríður segist hafa horft til bókakaffihúsa erlendis, til að mynda í Bretlandi og Frakklandi, þegar hún ákvað að opna sinn eigin stað. „Tækifæri myndaðist á síðasta ári þegar þetta fallega húsnæði á Norðurbakka 1 losnaði, því ég vildi fyrst og fremst vera í Hafnarfirði. Ég bý hérna í miðbænum og finnst allt svo fallegt og notalegt hérna í kring. Ég tel að það séu mörg ónýtt tækifæri hér í miðbæ Hafnarfjarðar, með þetta skemmtilega hafnarsvæði og fjölmörg útivistarsvæði allt umlykjandi,“ segir hún. Gott

Málfríður Gylfadóttir Blöndal rekur Norðurbakkann – Bækur & kaffihús að Norðurbakka 1.

útsýni er frá Norðurbakkanum yfir til elstu húsa bæjarins við Byggðasafnstorfuna.

Sérstaða Norðurbakkans er einmitt sú, að staðurinn er bæði kaffihús og bókaverslun. „Ætlunin er að vaxa í rólegheitum og mynda fallegt samfélag íbúa Hafnarfjarðar og nágranna okkar. Við munum brydda upp á nýjungum bæði í veitingum og uppákomum eins og aðstæður og stemmning munu bjóða. Einnig vil ég líka nefna aðra sérstöðu, en það er persónuleg og fjölskylduvæn þjónusta sem við reynum að passa upp á alla daga á Norðurbakkanum,“ segir Málfríður, en dóttur hennar, María Rún Halldórsdóttir, tekur einnig til hendinni á bókakaffihúsinu. Öll fjölskyldan hefur raunar hjálpað til við að koma því á koppinn og þannig er um hálfgert fjölskyldufyrirtæki að ræða.

Gott útsýni er yfir til elstu húsa bæjarins frá kaffihúsinu út um stóra gluggana.

Fjöldi bóka er það fyrsta sem mætir manni við komuna á Norðurbakkann, en þar eru bæði nýjar og gamlar bækur.

Norðurbakkinn er opinn milli klukkan 8 og 19 en verður opinn lengur í sumar. Þar eru í boði gómsætar kökur, brauð, salöt og súpur, svo eitthvað sé nefnt.

Gómsætar kökur og annað bakkelsi er á boðstólnum, en auk þess er til að mynda hægt að fá súpur og salöt.

Saltfiskréttur fjölskyldunnar

400 g útvatnaður saltfiskur

– steiktur á pönnu í íslensku smjöri

2 stk rauðlaukur

3-4 rif hvítlaukur

– hvítlauk og rauðlauk bætt við á pönnuna. Steikt þangað til fallegur gullinn litur hefur myndast á fiskinum.

Borið fram með hvítlaukskartöflumús.

Málfríður deilir hér uppskrift að einum af fjölmörgum fiskréttum fjölskyldunnar, en hún hefur verið viðloðandi fiskverkun í fjöldamörg ár, bæði vestur á Snæfellsnesi og í Hafnarfirði.

Nýsmíði - Viðhald - Innréttingar - Sérsmíði - Tréstigar - Líkkistur

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI
/FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

Húnabraut 29 - 540 Blönduós - s:452 4123 - gummi@stigandihf.is
Kt:550793-2459 - Vsknr:38765 - www.stigandihf.is

Vort daglegt brauð

OKKAR KLEINUHRINGIR

girnilegir og gómsætir

Meira fyrir minna

- 4 kleinuhringir á 1.000 kr.
- 6 kleinuhringir á 1.450 kr.
- 9 kleinuhringir á 2.000 kr.
- 12 kleinuhringir á 2.600 kr.

Verið velkomin

Strandgötu 49 - Hafnarfirði - Sími 555 4046

Höfum opnað stór-glæsilega föndur- og myndlistavöruverslun

Strandgötu 75, Hafnarfirði Drafnar-húsinu

Föndurlist Vaxandi

facebook.com/fondurlist - Sími 553 1800

HAFNARFJÖRÐUR & GARÐABÆR

23. apríl 2016
2. TÖLUBLAÐ 6. ÁRGANGUR

Dreift í **13.500** eintökum á öll heimili í Hafnarfirði og Garðabæ

Grænir skátar
– gefðu okkur tækifæri!

Við erum með fjölda söfnunarkassa í Hafnarfirði og Garðabæ.
Nánari upplýsingar eru á vefnum okkar **www.dosir.is**

Baksíðan

Þórdís Dröfn Andrésdóttir
menntaskólanemi

Óðurinn til ungmennaráðs

Í Hafnarfirði og Garðabæ, eins og flestum öðrum bæjarfélögum, eru starfandi ungmennaráð. Þessi ungmennaráð eru skipuð fulltrúum úr öllum grunnskólum bæjarfélaganna ásamt fulltrúum á menntaskólaaldri, sem sjá um að gæta hagsmuna ungu kynslóðarinnar í bæjarstjórnarmálum.

Á hverju ári halda ungmennaráð samkomu fyrir krakka á aldrinum 13 til 18 ára sem kallast ungmennaþing: Þar koma krakkar saman til að koma sínum skoðunum og óskum á framfæri. Ungmennaráð fer síðan með hugmyndir og málefni frá ungmennaþingi á fund með bæjarstjórn.

Ungmennaþing og fundur ungmennaráðs með bæjarstjórn er haldið einu sinni á ári og er mikilvægur þáttur í að virkja ungu kynslóðina.

Mikilvægt er að ungt fólk venji sig á að vera virkur meðlimur í lýðræðissamfélagi og ungmennaráð koma sterk inn í þetta ferli.

Ungmennaráð er einnig góður vettvangur fyrir ungt fólk til að koma saman og ræða málefni líðandi stundar og móta sér skoðanir. Starfsmenn á vegum bæjarins starfa sem leiðbeinendur ungmennaráðs og eiga að vera hlutlausir og hvetja umræðuna áfram, án þess að koma eigin skoðunum á framfæri. Þetta skapar öruggt og vingjarnlegt umhverfi fyrir unga krakka til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og læra og koma þeim á framfæri.

Á aldrinum 13 til 20 ára er margt að gerast í lífi einstaklingsins og mikilvægir þættir sjálfsmyndarinnar mótast á þessum árum. Því er mikilvægt að ungmenni finni fyrir því að þeirra hagsmunir skipti máli og að ungmenni geti komið rödd sinni á framfæri í lýðræðissamfélagi, þó þau séu ekki enn komin með kosningarétt. Þegar einstaklingar finna fyrir því á unga aldri að þeirra þátttaka skipti máli fyrir lýðræðislegt samfélag hefur það hvetjandi áhrif og eykur áhuga á frekari þátttöku í framtíðinni. Því getum við verið mjög þakklát að í Hafnarfirði og Garðabæ eigum við öflug ungmennaráð sem taka þátt í að móta upplýsta og ábyrga kjósendur og stjórnmálafólk framtíðarinnar.

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn verktakavinna

FRÁBÆRAR EIGNIR
með góða staðsetningu

BÚUM BETUR
BYGG
bygg.is

Naustavör 8-12

Afhending við kaupsamning
NÝTT

Bryggjuhverfinu í Kópavogi

Glæsilegar íbúðir í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 8-12 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja. Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.
Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórri timburverönd.
Stæði í bílskýli fylgja öllum íbúðum.

Langalína 28-32

Afhending við kaupsamning
NÝTT

Sjálandi í Garðabæ

Glæsilegar íbúðir í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Löngulínu 28-32 í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru 3ja-5 herb. og 104-188 fm. Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.
Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórri timburverönd.
Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Skoðið teikningar á bygg.is

Vindakór 10-12

Afhending við kaupsamning
NÝTT

Útivistarparadísinni í Kórahverfi

Glæsilegar 4ra og 5 herbergja íbúðir í 5 hæða fjölbýlishúsi við Vindakór í Kópavogi. Íbúðirnar eru með vönduðum HTH innréttingum og AEG eldhústækjum.
Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða sólpalli á móti suðri.
Sérinngangur er inn í íbúðir og stæði í bílskýli fylgja þeim flestum.
Innveggir eru hlaðnir og múraðir.

Lundur 17-23

Afhending mars - júní.
NÝTT

Fossvogsdalnum í Kópavogi

Glæsilegar 98-183 fm íbúðir í álklæddum fjölbýlishúsum í Lundi í Kópavogi. Stæði fylgja öllum íbúðum.
Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru.
Stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og Gerðasafn.

REYNSLA · FAGMENNSKA · METNAÐUR

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR
Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ
Sími 520 9586

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 31 árs reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8